

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2003030059
4901; 9310

Reykjavík, 30. apríl 2003
/--

Efni: Sjóvarnir við Gjögur, Árneshreppi. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 18. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarnar við Gjögur, Árneshreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Árneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Árneshreppi með bréfi dags. 22. apríl 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. mars 2003. Svör framkvæmdaraðila bárust í tölvupósti dags. 11. apríl 2003 og 23. apríl 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sjór hafi brotið land framan við 2 hús sem standi nærri sjávarmáli austan við bryggjuna á Gjögri. Um 1-1,5 m háir rofbakkar hafi myndast á um 70 m löngum kafla og sé hætta á frekari landbroti. Á fyrrnefndum kafla sé fyrirhuguð gerð sjóvarnar og sé áætlað efnismagn til framkvæmdanna um 700 m³. Tveir efnistökuastaðir komi til greina annars vegar að sprengt verði klöpp ofan við Gjögur um 800 - 900 m frá sjó og hins vegar að leitað verði eftir efnistöku í landi Reykjaness í um 2-3 km fjarlægð. Frágangur verði með þeim hætti að sárið blasi ekki við og að sem minnst verksumerki verði eftir efnistöku.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Árneshrepps kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrirliggjandi

upplýsingar um tilvist og staðsetningu fornleifa á staðnum séu ekki nákvæmar en heimildir séu um naust og verbúð á umræddu svæði en ummerki séu að mestu horfin. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við starfsmann Fornleifaverndar ríkisins, þ.e. minjavörð Norðurlands vestra, áður en framkvæmdir hefjist en telur ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu á svæði sem þegar hafi verið raskað og ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjist.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð sjóvarna á um 70 m kafla austan við bryggjuna á Gjögri, Árneshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu taka til afmarkaðs svæðis, efnisþörf er óveruleg og fyrir liggur að framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að við efnistöku verði raski haldið í lágmarki og vandað verði til um frágang á efnistökusvæði. Stofnunin leggur áherslu á að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna óvissu um tilvist og staðsetningu hugsanlegra menningarminja áður en framkvæmdir hefjast.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna austan bryggjunnar á Gjögri, Árneshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi hreppsnefndar Árneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða sömu laga þar sem ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. maí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Árneshreppur, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun

